

Veiðifélag Laxár og Krákár
Arnarvatn 4
660

Garðabær, miðvikudagur, 27. ágúst 2025
202507-0188/Á.G.
10.03.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Veiðifélags Laxár og Krákár, dagsett 31. júlí 2025, um leyfi vegna endurbóta á fráveitu og heitum pottum við veiðihúsið Hof í landi Hofstaða í Mývatnssveit.

Mývatn og Laxá í Suður-Pingeyjarsýslu eru vernduð skv. [lögum nr. 97/2004](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Samkvæmt 17. gr. [reglugerðar nr. 665/2012](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu skal leita leyfis Náttúruverndarstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Veiðifélag Laxár og Krákár sækir um leyfi til að endurnýja fráveitu og heita potta við Veiðihúsið Hof í landi Hofstaða í Mývatnssveit sem er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Framkvæmdin felur í sér að koma fyrir nýjum fráveitubúnaði vestan við húsið þar sem núverandi rotþró er, nýrri hreinsistöð, siturbeði, brunnum fyrir sýnatökur, endurnýjun lagna við húsið og uppsetning fituskilju fyrir eldhús. Loks er fyrirhugað að skipta út heita pottinum sem er nú við húsið og setja tvo nýja potta örlítið sunnar. Að endingu verður keyrð mól í vegslóða sem liggur vestur fyrir húsið að núverandi rotþró.

Gert er ráð fyrir að grjót, sem kemur upp við framkvæmdirnar verði keyrt burt og urðað sem jarðvegsúrgangur og endurnýttur eftir því sem hægt er. Framkvæmdirnar ná út fyrir lóðamörk en landeigandi Hofstaða hefur veitt leyfi fyrir þeim og þær eru í samræmi við skipulagsáætlanir Pingeyjarsveitar. Afstöðumyndir, teikningar og staðfesting heilbrigðiseftirlits fyrir fullnægjandi fráveitukerfi fylgdu umsókninni.

Umsagnir:

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 óskaði Náttúruverndarstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar þann 31. júlí 2025 vegna framkvæmdarinnar. Umsögnin barst þann 14. ágúst 2025 og í henni kemur fram að núverandi fráveita stenst ekki kröfur og nauðsynlegt sé að skipta henni út en það er mest á svæði sem hefur verið raskað. Lausnin við fráveituna er metin fullnægjandi auk þess sem settir verða upp brunnar til að auðvelda sýnatökur við eftirlit. Náttúrufræðistofnun telur að líklega verður eitthvert rask á nútíma hrauni en það er að mestu á svæði sem hefur verið raskað. Fyrirhugað er að leggja þökur og sá í svæði sem verður raskað. Náttúrufræðistofnun leggur til að

skoðað verði hvort ekki sé hægt að endurnýta staðargróður að framkvæmdum loknum og gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Áhrifamat:

Framkvæmdasvæðið er vestan við veiðiheimilið, er innan lóðar, innan við 100 m frá bakka Laxár en mun lengra frá bakka Mývatns. Notast verður við gamlan vegslóða sem fyrir er til að koma tækjum að svæðinu en slóðinn verður þó bættur til að þola umferð vinnutækja. Áætlað er að annað rask á framkvæmdasvæðinu sé lítilsháttar.

Lágmarka skal allt rask, vanda sérstaklega allan frágang og afmá öll ummerki framkvæmdar eins og kostur er. Ný fráveita skal vera með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa og í samræmi við ákvæði 24. gr. reglugerðar um verndun Mývatns og Laxár um frárennsli. Heitir pottar og skjólgirðing skulu falla vel að landslagi til að lágmarka sjónræn áhrif. Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif og ekki talin ógna verndargildi svæðisins ef farið er eftir skilyrðum leyfisins. Þá mun bætt fráveita sem uppfyllir kröfur um ítarlegri hreinsun hafa jákvæð áhrif á svæðið til lengri tíma.

Niðurstöður:

Náttúruverndarstofnun veitir Veiðifélagi Laxár og Krákár fyrir sitt leyti leyfi fyrir ofangreindum framkvæmdum á fráveitu og heitum pottum við Veiðiheimilið Hof í Mývatnssveit að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Þess skal gætt að framkvæmdirnar séu í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt/afmáð.
- Þar sem græða þarf í sár í jarðvegi skal nýta staðargróður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Jarðrask tengt framkvæmdunum skal fara fram utan varptíma fugla.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfi Þingeyjarsveitar þarf fyrir framkvæmdunum.

Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir verkefninu ef friðlýstar fornminjar eru innan 100 metra frá framkvæmdarsvæðinu. Ef um er að ræða aðrar fornminjar sem eru friðaðar þarf leyfi Minjastofnunar ef minjarnar eru innan 15 metra frá framkvæmdarstað nema annað sé ákveðið.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Virðingarfyllt

Hákon Ásgeirsson

sviðsstjóri

Dagbjört Jónsdóttir

svæðissérfræðingur